

1870.

9. júlí.

er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, og er svo ráð fyrir gjört, að ný skoðunargjörð á jörðum þessum skuli fara fram að tveim árum liðnum, og þar eptir skuli ákveðið, hvort þessi linun eigi þá að haldast við eptirleiðis eða falla niður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir atvikum, að hinum nefndu landsetum verði veitt sú lækkun á afganginu um tvö ár, sem þér hafið stungið uppá, en þaðan af verða þeir að gjalda í leigur og landskuld það, sem tiltekið er í byggingarbréfum þeirra.

9. júlí.

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um linun í eptirgjaldi af klausturjörðunni Klauf.

Í bræfi 28. febr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að yður hafi borizt bænarskrá frá ábúandanum á jörðinni Klauf, sem heyrir undir umboð þykkvabæjarklausturs, Runólfi Sveinssyni. Samkvæmt úrskurðum stjórnarráðsins, dags. 19. ágúst. 1861¹ og 17. ágúst. 1865, var honum um stundar sakir veitt sú linun í afgangi því, er hann á að greiða af jörðunni, að honum leyfðist að borga afgangið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlags-skránni, í stað þess að greiða það eptir meðalverði á ull, smjöri og tólg; en nú hefir hann sókt um, að þessi linun, sem nú er á enda, megi haldast við enn um fimm hin næstu ár frá fardögum 1870, þaræð ábúðarjörð hans á hverju ári eyðist meir og meir af sandfoki og vatnsflóði, og hafið þér stungið uppá, samkvæmt meðmælingum hlutaðeiganda umboðsmanns, að þessi bæn veitist sækjanda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 502.

til þess þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppá-
stungu yðar.

1870.
9. júlí.

72. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra pró- fasta á Íslandi, um almenna fólkstölu.

9. júlí.

Samkvæmt því, sem ríkisfræðiseildin hefir skýrt frá, var allt
fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. febrm. þ. á.; en með
því þessi dagur þótti miður vel fallinn á Íslandi og í hinum öðrum
norðlægu löndum Danakonungs, eptir því, sem þar hagar til, er 1.
dagur oktrm., sem næst fer í hönd, tekinn til þess, að þá skuli
fara fram manntal eptir sóknum á öllu Íslandi. Þessu skal haga
á þann hátt, að sérhver sóknarprestur láti hlutaðeiganda hrepp-
stjóra, eða einhvern annan mann í sókninni, sem til þess sè fær,
telja upp allt fólk í sókninni og rita það á eyðublöð, sem til þess
eru ætluð, og skal þar jafnframt tilgreind tala heimilanna, nafn
manna, aldur og stött o. s. fr., en síðan skal sóknarpresturinn,
eptir manntalsskrám þeim, sem fengizt hafa með þessu móti, búa
til aðaltöflur á önnur eyðublöð, sem einnig eru til þessa ætluð;
skal þar rita í það, sem kemur út úr manntalsskránum, og senda
þar á eptir hvorttveggja hlutaðeiganda prófasti, er aptur á að
senda það beina leið hinni íslenzku stjórnardeild, ásamt mann-
talsskrám og aðaltöflum úr sinni eigin sókn. Ef svo kynni að fara,
að manntal geti ekki fram farið á þeim degi, sem ákveðinn er að
framan, í yðar prófastsdæmi, sökum þess, hvernig þar hagar til, og
verði því að halda manntal síðar, þykir það samt réttast, að mann-
talinu að svo miklu leyti, sem unnt er, verði lagað eptir því, sem
ástatt er 1. oktrm. þ. á., svo að manntalið sýni, hve mært fólk í
raun og veru sè á Íslandi nefndan dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með bréfi þessu
nokkur exemplör af reglum um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð,
sem prentuð eru á íslenzku, og er það allt í flestum atriðum sam-
kvæmt því, sem farið var eptir, þá er manntal fór fram 1860;
en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.